



Ársskýrsla 2015





Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Heiti á ensku: Environmental and Public Health Authorities of South Iceland

Starfssvæði: Suðurland og Vestmannaeyjar

Heimilisfang: Austurvegi 65, 800 Selfoss

Sími: 480 8250

Netfang: hsl@hsl.is

Heimasíða: www.hsl.is

Forsíðumynd: Silfra, Þingvöllum

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	4
2. Hlutverk og uppbygging	4
Heilbrigðisnefnd	4
Starfsmenn	5
Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk	6
3. Starfsemi	8
Verkefni	8
Reglubundið eftirlit	9
Málaskrá og umsagnir	10
Samstarf	11
4. Sýnataka og niðurstöður	11
5. Hollustuhættir	15
Útisamkomur	15
Baðstaðir í náttúru Íslands.	16
Leiksvæði:	17
6. Matvæli	18
Ný reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda	18
Trans fitusýrur í matvælum	19
Matvælahópur	19
Ís úr vél	19
Neysluvatn	19
Matvælafyrirtæki og innra eftirlit	21
7. Umhverfis- og mengunarvarnir	21
Lóðir og lendur	22
Brennur	22
Fjarlægðarmörk vegna eldishúsa alifugla, loðdýra og svína	24
Loftgæði	24
8. Fjármál og rekstur	27
Lokaorð	29

Mynd 1. Heilbrigðiseftirlitssvæðin á Íslandi	6
Mynd 2. Tengsl heilbrigðiseftirlits út á við	7
Mynd 3. Línurit sem sýnir þróun í fjölda fyrirtækja milli sviða	9
Mynd 4. Fjöldi fyrirtækja og þróun í fjölda milli ára	10
Mynd 5. Samanburður niðurstaðna	12
Mynd 6. Samanburður niðurstaðna í prósentum	12
Mynd 7. Kökurit yfir heildarniðurstöður	13
Mynd 8. Kökurit með niðurstöðum neysluvatns	14
Mynd 9. Kökurit með niðurstöðum baðvatns	14
Mynd 10. Kökurit með niðurstöðum íssýna úr vél	14
Mynd 11. Útihátíð	15
Mynd 12. Varúðarskilti vegna sjóðandi hvera	16
Mynd 13. Baðstaður í náttúrunni	17
Mynd 14. Keðja í rólu sem er óhæf vegna slits	17
Mynd 15. Transfitusýrur	19
Mynd 16. Fjöldi vatnsveitna með starfsleyfi milli ára.	20
Mynd 17. Niðurstöður sýnataka á neysluvatni undanfarin ár	20
Mynd 18. Brennustæðið 16. nóvember 2015	23
Mynd 19. Loftgæði í Norðlingaholti og Hvarageði, hlaupandi 25 stunda meðaltal	26
Mynd 20. Loftgæði í Norðlingaholti og Hveragerði, klukkustundameðaltal	26
Mynd 21. Kostnaðarskipting sveitarfélaga	27
Mynd 22. Hlutfall rekstarkostnaðar hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands	28

Tafla 1. Fundir heilbrigðisnefndar	5
Tafla 2. Fjöldi starfsmanna og starfsaldur	5
Tafla 3. Heilbrigðiseftirlitssvæðin og fjöldi heilbrigðisfulltrúa	7
Tafla 4. Fjöldi nýrra mála eftir helstu málaflokkum	10
Tafla 5. Fjöldi lokinna mála eftir málaflokkum	11
Tafla 6. Sýnatökur flokkaðar	13

1. Inngangur

Ársskýrsla þessi er kynning á starfsemi heilbrigðiseftirlitsins en jafnframt samantekt um starfið á árinu 2015. Skýrslan er einungis send á rafrænu formi bæði til sveitarfélaga og helstu samstarfsstofnana, en hægt er að fá hana senda á prenti ef óskað er. Einnig er skýrslan aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: www.hsl.is.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag 14 sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Svæðið er víðfeðmt eins og verkefni fjölbreytt. Í þessari ársskýrslu er að finna tölfræðilegar upplýsingar um fjölda eftirlitsskyldra aðila á Suðurlandi, fjölda mála, sýnatökur og fleira. Jafnramt er leitast við að gera grein fyrir helstu málum ársins, hlutverki og uppbyggingu ásamt rekstarupplýsingum.

Skýrslan nær yfir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015.

2. Hlutverk og uppbygging

Eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga er að reka heilbrigðiseftirlit og bera ábyrgð á rekstri þess. Heilbrigðiseftirlit er rekið af sveitarfélögum skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 msbr. en þar segir m.a. „*Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits...*“ og „*Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar*“ Heilbrigðisnefnd er kosin til fjögurra ára í senn.

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er þannig skipuð 2014-2018:

Formaður:	Páll Stefánsson, Sveitarfélaginu Ölfusi
Varaformaður:	Svanborg Egilsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg
	Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógabyggð
	Þorgils Torfi Jónsson, Rangárþingi ytra
	Valur Bogason, Vestmannaeyjabæ
Fulltrúi atvinnurekenda	Guðmundur Geir Gunnarsson, Sveitarfélaginu Árborg
Fulltrúi sóttvarnarlæknis	Pétur Skarphéðinsson, Bláskógabyggð
Varamenn eru:	Unnur Þormóðsdóttir, Hveragerði
	Ólafur Hafsteinn Jónsson, Sveitarfélaginu Árborg
	Margrét Jónsdóttir, Flóahreppi
	Sigurhanna Friðþórsdóttir, Vestmannaeyjabæ
	Jóna Björk Jónsdóttir, Skaftárhreppi

Á árinu hélt nefndin sjö fundi eins og kemur fram í töflu 1 og eru fundargerðir birtar jafnóðum á heimasíðu embættisins.

TAFLA 1. FUNDIR HEILBRIGÐISNEFNDAR

Fundur nr.	dags.
162	13. febrúar 2015
163	26. mars 2015
164	30. apríl 2015
165	29. maí 2015
166	03. júlí 2015
167	24. september 2015
168	27. nóvember 2015

Starfsmenn

Sex starfsmenn voru hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eins og kemur fram í töflu 2. Allir hafa þeir réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúar. Starfsmannavelta er lítil og háskólamenntun starfsmanna er ólík og styður vel við hin fjölbreyttu verkefni.

TAFLA 2. FJÖLDI STARFSMANNA OG STARFSALDUR

Nafn	starf	Starfshlutfall %	starfsaldur/ár
Elsa Ingjalbsdóttir	framkvæmdastjóri	100*	21
Sigrún Guðmundsdóttir	heilbrigðisfulltrúi/framkvæmdastjóri	100	13
Áslaug Rut Áslaugsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	12
María Berg Guðnadóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	10
Stella Hrönn Jóhannsdóttir	heilbrigðisfulltrúi	100	3
Ágúst Óskar Sigurðsson	heilbrigðisfulltrúi	100	1


Helstu breytingar urðu á árinu að Elsa Ingjalbsdóttir lét af störfum 31. ágúst* sem framkvæmdastjóri, að eigin ósk, eftir 21 árs farsælt starf við embættið. Henni er þakkað fyrir frábært samstarf. Undirrituð tók við stöðu framkvæmdastjóra 1. september 2015 valin úr hópi 7 umsækjenda um starfið sem var auglýst í júní. Er mjólkurfræðingur og líftækni-fræðingur að mennt og hef stafað hjá embættinu sem heilbrigðisfulltrúi og sviðsstjóri matvælaeftirlits í um 13 ár. Ekki var ráðið í stöðuna sem losnaði fyrir en eftir áramót í sparnaðarskyni.

Skipulag heilbrigðiseftirlits og hlutverk

Umdæmi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eru 10 talsins og er skipan þeirra ákveðin í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Heilbrigðiseftirlitssvæðin 10 hafa með sér mikla samvinnu og hafa með sér formleg samtök: Samtök Heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ). Samtökin hafa að markmiði að standa vörð um heilbrigðiseftirlit á Íslandi og stuðla að árangursríku, óháðu og faglegu eftirliti.

Samtökin halda úti heimasíðu www.shi.is þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um öll svæðin. Mynd 1 hér að neðan er á heimasíðu SHÍ og sýnir vel skiptingu landsins í eftirlitssvæði. Sem dæmi um verkefni SHÍ eru samræming og samvinna milli svæða, umsagnir við lagafrumvörp ásamt samskiptum við stjórnvöld og einnig er þátttaka í vinnuhópum á vegum ráðuneyta við undirbúning lagafrumvarpa og reglugerða hlutverk fulltrúa frá SHÍ og hefur verið góð samvinna um slík verkefni meðal heilbrigðisfulltrúa.




MYND 1. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN Á ÍSLANDI

Í töflu 3 hér að neðan er til fróðleiks listað upp hver fjöldi heilbrigðisfulltrúa er á hverju svæði fyrir sig. Flest svæðanna eru samstarf nokkurra sveitarfélaga líkt og á Suðurlandi, en skipulag um reksturinn er mismunandi eftir svæðum.

TAFLA 3. HEILBRIGÐISEFTIRLITSSVÆÐIN OG FJÖLDI HEILBRIGÐISFULLTRÚA

Heilbrigðiseftirlitssvæði	Fjöldi heilbrigðisfulltrúa
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	20
Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis	7
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis	2
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	2
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	2
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra	3
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	4
Heilbrigðiseftirlit Austfjarðasvæðis	4
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands	6
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja	4


MYND 2. TENGL HEILBRIGÐISEFTIRLITS ÚT Á VIÐ

Mynd 2 sýnir tengsl heilbrigðiseftirlits við önnur stjórnvöld og aðrar stofnanir. Breytingarnar eru í farvatninu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og þurfa sveitarfélögin að vera vakandi yfir þeim breytingum og taka virkan þátt í umræðunni svo vel megi takast til um nauðsynlegar breytingar á lögum sem full þörf er á að færa til betri vegar.

Einnig stendur til að breyta lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, breytingar sem koma við sveitarfélögin beint, þar sem til dæmis er lagt til að allar umsagnir til sýslumanna sem tilheyra sveitarstjórnarstiginu, verði sameinaðar í eina umsögn viðkomandi sveitarfélags.

3. Starfsemi

Verkefni

Hér að neðan er yfirlit yfir helstu verkefni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands:

- Reglubundið eftirlit og leyfisveitingar.
- Umsagnir v/skipulagsmála, veitinga- og gistileyfa sýslumanna, umhverfismats ofl.
- Sýnataka og rannsóknir á neysluvatni, matvælum og umhverfi – *sjá nánar í kafla 4.*
- Vöktun loftgæða og önnur umverfisvöktun og álímingar - *sjá nánar í kafla 7.*
- Fræðsla til starfsleyfisskyldra aðila og almennings.
- Skráning á framkvæmd eftirlits og niðurstöðum mælinga.


Meginstarfsemin er reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum og stofnunum. Á árinu 2015 var gefin út eftirlitshandbók í samvinnu við Matvælastofnun og önnur heilbrigðis-eftirlitssvæði á landinu til að samræma eftirlit í matvælafyrirtækjum og er í innleiðingarferli. Umsagnir af ýmsu tagi taka einnig sífellt meiri tíma af daglegum störfum starfsmanna heilbrigðiseftirlits, sérstaklega er varðar umhverfismál og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Til tals kom á árinu að festa kaup á gagnaskráningakerfinu ÍsLeif, sem Matvælastofnun notar við sínar eftirlitsskráningar. Ákveðið var að halda áfram með núverandi gagnagrunn, frá OneSystems sem reynst hefur vel fram að þessu og nýtist einnig sem skjalavistunarkerfi. Tekið var skref inn í rafrænt eftirlit á eftirlitsstað með því að nota spjaldtölvu. Athugasemdir eru skráðar jafnóðum inn í tölvu og eftirlitsskýrsla send í tölvupósti í lok hverrar eftirlitsheimsóknar. Þetta krefst þess að spjaldtölvan sé í beinu sambandi við gagnagrunninn, One. Þetta getur sums staðar valdið erfiðleikum, sér í lagi þar sem 3G samband er stopult.

Böð í köldum laugum á sund- og baðstöðum hefur notið aukinna vinsælda, vegna þeirra er breytinga að vænta á reglugerð um sund- og baðstaði.

Reglubundið eftirlit

Á árinu 2015 var fjöldi eftirlitsskyldra aðila kominn í 1430. Tegundum eftirlitsskyldra fyrirtækja er skipt gróflega upp í þrjú svið þ.e. hollustuháttasvið, matvælasvið og umhverfis- og mengunarsvið. Hvernig fjöldi fyrirtækja skiptist milli sviða má sjá á mynd 3 hér að neðan. Stöðug aukning eftirlitsskyldra aðila hefur verið milli ára og hefur farið vaxandi síðustu árin eins og einnig er hægt að lesa má út úr mynd 3 og hefur síðustu 10 árin verið að jafnaði um 4% milli ára. Munar mestu um hollustuháttafyrirtækin sem skýrist af aukinni ferðaþjónustu á svæðinu með auknum fjölda gististaða.


Árleg eftirlitsáætlun er lögð fram á fundi heilbrigðisnefndar í upphafi hvers árs og er þannig að finna þann fjölda heimsókna sem markmiðið er að sinna í reglubundnu eftirliti það árið. Þannig er í upphafi hvers árs skilgreint meginmarkmið sem er unnið út frá á árinu, auk undirmarkmiða fyrir hvern málaflokk. Megináherslan er og verður að sinna reglubundnu eftirliti í fyrirtækjum og stofnunum sem eiga að fá slíkar heimsóknir.



MYND 3. LÍNURIT SEM SÝNIR ÞRÓUN Í FJÖLDA FYRIRTÆKJA MILLI SVIÐA

Á mynd 4 má sjá þróun í fjölda fyrirtækja á milli ára. Samkvæmt eftirlitsáætlun á árinu var fjöldi ferða alls 805. Til viðbótar eru svo ferðir vegna tilfallandi eftirlits, eftirfylgni vegna athugasemda, kvartana og þess háttar. Þá eru ótaldar eftirlitsferðir vegna nýrrar starfsemi. Fjöldi eftirlitsferða vegna reglubundins eftirlits er mismunandi milli ára sem ræðst af fjölda heimsókna sem hvert

fyrirtæki á að fá samkvæmt áhættumati. Tíðnin getur þannig verið einu sinni á fjögurra ára fresti og upp í sex heimsóknir á ári.



MYND 4. FJÖLDI FYRIRTÆKJA OG ÞRÓUN Í FJÖLDA MILLI ÁRA

Málaskrá og umsagnir

Í töflum nr. 4 og 5 hér á eftir má sjá yfirlit yfir fjölda nýrra og lokinna mála hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands fyrir árið 2015. Reglubundið eftirlit er ekki inni í þessum tölum þar sem það er almennt ekki talið til sérstakra mála í þessari tölfræði. En þegar reglubundið eftirlit leiðir til þess að beita þarf fyrirtæki frestum til úrbóta, og/eða þvingunaraðgerða þá er um leið orðið til formlegt „mál“ í kerfinu. Töflurnar sýna skiptingu milli einstakra málaflokka og af einstaka málum eru umsagnir með mestan fjölda.

TAFLA 4. FJÖLDI NÝRRÁ MÁLA EFTIR HELSTU MÁLAFLOKKUM

Tegund máls/mánuður	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
Almennt mál	19	31	33	32	31	44	24	18	32	19	29	28	340
Brennuleyfi	1	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	8	11
Eftirlit	0	1	2	1	0	2	0	0	0	0	0	2	8
Skipulag umsagnir	5	6	3	5	0	15	10	2	4	5	7	12	74
Starfsleyfi	13	22	15	24	25	30	20	14	14	14	14	13	218
Tóbakssöluleyfi	4	2	2	0	0	0	1	0	0	1	3	0	13
Veitingar og gisting	15	23	11	20	7	33	18	14	19	16	22	21	219
Samtals	57	85	66	82	63	124	75	48	69	55	75	84	883

TAFLA 5. FJÖLDI LOKINNA MÁLA EFTIR MÁLAFLOKKUM

Tegund máls/mánuður	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Samtals
Ýmis mál	10	12	16	11	2	4	5	74	5	14	50	3	206
Almennt mál	6	23	25	19	29	32	23	99	11	17	8	10	302
Brennuleyfi	0	0	1	0	0	0	2	0	0	0	0	7	10
Eftirlit	0	0	1	2	1	1	0	6	1	0	2	0	14
Skipulag umsagnir	2	3	7	9	0	8	6	75	5	2	10	7	134
Starfsleyfi	12	12	18	16	18	36	22	49	14	13	11	10	231
Tóbakssöluleyfi	3	2	5	1	0	0	1	1	0	1	3	0	17
Veitingar og gisting	9	13	19	18	8	29	19	19	16	17	12	18	197
Samtals	42	65	92	76	58	110	78	323	52	64	96	55	1111


Samstarf

Samstarfsstofnanir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru helstar Umhverfisstofnun (UST), Matvælastofnun (MAST), Sýslumannsembættin á svæðinu auk embætta skipulags- og byggingafulltrúa á vegum sveitarfélaganna.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tekur virkan þátt í samræmingarhópum sem eru annars vegar matvælahópur á vegum MAST og hins vegar tveir hópar á vegum UST, hollustuháttahópur og umhverfissvæðahópur. Samræmd eftirlitsverkefni eru skipulögð á vegum hópanna.


4. Sýnataka og niðurstöður

Árið 2015 voru 277 sýni tekin í eftirlitsferðum Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Sýnatökur eru hluti af reglubundnu eftirlit embættisins. Hversu oft sýni eru tekin er háð mati heilbrigðisfulltrúa og krafna í reglugerðum. Sem dæmi má nefna eru neysluvatnssýni hjá einkavatnsveitum og litlum vatnsveitum annað hvert ár en hjá stórum vatnsveitum eru fjögur sýni tekin á ári. Á sund- og baðstöðum eru sýnatökur framkvæmdar úr laugum staðarins og fjöldi þeirra sýna sem tekin eru er mismunandi milli staða en það fer m.a. eftir hreinsikerfi lauganna þar sem stundum eru nokkrar setlaugar (heitir pottar) tengdir á sama hreinsikerfið og þá er ein sýnataka úr því hreinsikerfi látin nægja. Hjá náttúrulaugum í rekstri allt árið á að framkvæmda tíu sýnatökur yfir árið. Standist sýni ekki þær gæðakröfur sem til sýnanna eru gerðar eru sýnataka endurtekin – eftir að kröfu um úrbótum hefur verið sinnt.



MYND 5. SAMANBURÐUR NIÐURSTAÐNA

Mynd nr. 5 sýnir samanburð á hvernig niðurstöður koma út milli ára og á mynd nr. 6 má sjá samanburð niðurstaðna milli ára í prósentum. Þegar rannsóknastofa MATÍS gefur út rannsóknarvottorðin fá þau ýmist niðurstöðuna ekki metið, fullnægjandi eða ófullnægjandi. Fullnægjandi uppfylla kröfur reglugerða meðan ófullnægjandi gerir það ekki. Niðurstaðan *ekki metið* fá sýni stundum þegar viðmiðunargildi eru ekki skýr í reglugerðum eða eru ekki til.




MYND 6. SAMANBURÐUR NIÐURSTAÐNA Í PRÓSENTUM

Fjöldi sýna milli ára er mjög mismunandi milli ára, samanber mynd nr. 5. Nokkrir þættir geta útskýrt mun á sýnatökufjölda milli ára, t.d. hvort eftirlitsverkefni sé í gangi sem kallar á auknar sýnatökur, einstaklingur/fyrirtæki í úrbótum á t.d. vatnsbóli eða hreinsikerfi lauga sem kallar mörg sýni. Svo eru það einnig ófyrirsjáanlegir þættir eins og náttúruhamfarir s.s. jarðskjálftar eða eldgos (öskufall) sem valda því að kanna þarf ástand á neysluvatni sem kallar á margar sýnatökur.

TAFLA 6. SÝNATÖKUR FLOKKAÐAR


Gerð sýnis	Ekki metið	Fullnægjandi	Ófullnægjandi	Alls
Neysluvatn	14	120	10	144
Ís úr vél		10	5	15
Baðvatn	1	76	21	98
Náttúrulegar	1	3		4
Yfirborðsvatn/skólþ	10			10
Klaki/ís	4			4
Önnur sýni	2			2
Samtals	32	209	36	277

Í töflu nr. 6 má sjá helstu skiptingu á sýnatökuflokkum sem gerðar voru árið 2015 ásamt niðurstöðum úr þeim flokkum. Kökurit á mynd nr. 7 sýnir hlutfallslega skiptingu niðurstaðna við heildarsamanburð milli sýna. Á kökurit á myndum nr. 8-10 sjást hlutfallslegar niðurstöður neysluvatns, baðvatns og mjólkuríss (vélarís). Myndirnar skýra sig að öðru leyti sjálfar, en sjá má umfjöllun um ís úr vél undir kaflanum um matvæli.




MYND 7. KÖKURIT YFIR HEILDARNIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður neysluvatnssýna




MYND 8. KÖKURIT MEÐ NIÐURSTÖÐUM NEYSLUVATNS

Niðurstöður baðvatnssýna



MYND 9. KÖKURIT MEÐ NIÐURSTÖÐUM BAÐVATNS

Niðurstöður íssýna úr vél



MYND 10. KÖKURIT MEÐ NIÐURSTÖÐUM ÍSSÝNA ÚR VÉL

5. Hollustuhættir

Í árslok 2015 voru 687 fyrirtæki skráð á sviði hollustuhátta hjá Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Sviðið byggir að á mestu á fyrirtækjum sem fá starfsleyfi á grundvelli reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti en einnig á reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim og svo árið 2015 bættist reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni einnig þar við. Skólar, gististaðir, sund- og baðstaðir, náttúrulegar, opin leiksvæði, snyrtistofur og skyld starfsemi, tjaldsvæði eru meðal fyrirtækja flokka sem falla undir hollustuhætti. Einnig eru tilfallandi verkefni eins og húsnæðisskoðanir og skipaskoðanir sem falla undir hollustuháttasvið.

Eftirlit á sviði hollustuhátta gekk vel árið 2015, nokkur mál enduðu í tilkynningu um meðferð máls en ekki þurfti að fara út í þvingunaraðgerðir þar sem farið var í úrbætur eða tímasettum framkvæmdaráætlun vegna ítrekaðra athugasemda var skilað inn og verður þeim málum fylgt eftir í næsta reglubundna eftirliti.

Útisamkomur

Útisamkomur og bæjarhátíðir hvers konar voru þó nokkrar árið 2015 á Suðurlandi og setja þær skemmtilegan brag á bæjarkjarna á meðan þeim stendur og má sjá á mynd 3 dæmi um eina slíka. Sækja þarf um starfsleyfi fyrir skipulagðar samkomur/útihátíðir og á að sækja um þær með minnst tveggja vikna fyrirvara, algengt er að sótt sé um umfangsmiklar útihátíðir með mjög stuttum fyrirvara og þegar búið er að auglýsa hátíðina og dagskrá hennar.



MYND 11. ÚTIHÁTÍÐ

Lokafrágangur er nær undantekningarlaust daginn sem að hátíðirnar eru haldnar og þurfa heilbrigðisfulltrúar þá að fara og taka hátíðina út. Oft koma aðilar og setja upp aðstöðu eingöngu í tengslum við útihátíðina og þurfa að sækja um starfsleyfi og veitingaleyfi til sýslumanns. Árið 2015 var einni útisamkomu neitað um leyfi til matsölu (veitingaleyfi) þar sem að aðstaðan var ekki fullnægjandi þegar að eftirlit heilbrigðisfulltrúa átti sér stað fyrir útihátíðina, en ekki var sett út á að fólk tjaldaði þar. Helsta ástæða þess var að þeir veitingaaðilar sem ætluð að vera með veitingar á svæðinu mættu ekki þegar heilbrigðisfulltrúar voru á staðnum og voru ekki búnir að setja upp aðstöðu til veitingasölu auk þess sem að frágangi á lagningu á neysluvatni var ekki lokið. Ljóst er að margir skipuleggjendur þurfa að leggja meiri vinnu og metnað í að hafa aðstöðu fyrir útisamkomur tilbúna í tíma svo hægt sé að bregðast við úrbótum og kröfum embættisins.

Baðstaðir í náttúru Íslands.

Á vordögum 2015 kom út reglugerð nr 460/2015 um baðstaði í náttúru Ísland sem hafði verið í vinnslu hjá ráðuneytinu í mörg ár og fjallar reglugerðin um baðstaði í náttúru Íslands. Á haustdögum var síðan stofnaður vinnuhópur innan hollustuháttahópsins vegna reglugerðarinnar til að stuðla að samhæfingu í eftirliti náttúrulauga og er niðurstöðu þeirrar vinnu að vænta á næsta starfsári. Með útgáfu reglugerðarinnar eru baðstaðir í náttúru Íslands sem eru í rekstri orðnir starfsleyfis skyldir og ákveðnar kröfur gerðar til annarra lauga sem ekki eru í rekstri. Reglugerðin nær yfir náttúrlaugar, baðstrendur og aðra baðstaði í náttúru landsins. Hér eru skilgreiningar á baðstöðum í náttúrunni eins og þau eru í reglugerðinni:



MYND 12. VARÚÐARSKILTÍ VEGNA SJÓÐANDI HVERA

Náttúrulaug: Laug ásamt bakka hennar, mynduð af náttúrunnar hendi þar sem böð eru stunduð og vatn er ekki meðhöndlað með sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt. Þó framkvæmdir á náttúrulaug hafi verið gerðar til þess að styrkja stoðir hennar, til dæmis með lítills háttar hleðslu, steypuverki, eða laugin lagfærð með hleðslu á steinum til að stífla eða stýra rennsli á baðvatni og steyptir botnar og hliðar, telst laugin vera náttúrulaug.


Baðstaður í náttúrunni: Náttúrulaug eða baðströnd sem eru notuð til baða af almenningi og vatn er ómeðhöndlað af sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt. Til baðstaðar telst einnig búnings- og salernisaðstaða og önnur aðstaða fyrir baðgesti sem getur verið til staðar, eftir því sem við á.

Baðströnd: Vatns- eða sjávarströnd þar sem böð, þar með talin sjóböð, eru stunduð og flokkuð sem slík í skipulagi hlutaðeigandi sveitarfélags. Afmarkað umhverfi næst sjó eða vatni telst til baðstrandar svo og hugsanleg mannvirki og aðstaða þeim tengd.

**MYND 13. BAÐSTAÐUR Í NÁTTÚRUNNI**

Leiksvæði:

Eftirlit með leiksvæðum og málefni/verkefni þeim tengdum tóku tíma á árinu. Gæsluvellir og opnir leiksvæði sem almenningur hefur aðgang að eru starfsleyfis skyldir staðir og hafa heilbrigðiseftirlitssvæðin eftirlit með þeim stöðum sem hafa sótt um starfsleyfi. Í þeim eftirlitinum er farið yfir almennt ástand leiktækjanna og innra eftirlit skoðað sé það til staðar. Það að halda leiksvæði/-tækjum í góðu ástandi krefst vinnu, sérstaklega í upphafi þegar verið að fara yfir alla þætti þeirra og koma innra eftirlit af stað. Í reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim er síðan fjallað um þrjár mismunandi skoðanir sem gera á leiksvæðum og er það innra eftirlit leiksvæðanna, skulu innra eftirlitið vera skriflegt, jafnframt skal viðhaldsbók haldin út samhliða þegar leiktæki eru löguð/bætt eða endurnýjuð. Með því móti hefur eigandi leiksvæðisins góða yfirsýn yfir stöðu á leiksvæðinu og getur sýnt fram á viðhald komi fyrir óhapp/slys og þannig ekki ætti að vera hægt að kenna vanrækslu á leiksvæðinu um.

**MYND 14. KEÐJA Í RÓLU SEM ER ÓHÆF VEGNA SLITS**

Nokkuð hefur borið á því að leiktæki sem eru orðin biluð/úrelt/gömul og sveitarfélög og/eða aðrir hættir að nota, séu gefin til þriðja aðila í stað þess að þeim sé hent. Einnig hafa einstaklingar og verslanir verið að selja til rekstaraðila leiktæki sem ekki uppfylla staðla, en eru í flestum tilfellum ætluð til einkanota. Er það von embættisins um að sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklingar hætti slíkum bjarnagreiðum enda þýða þeir aukna vinnu fyrir heilbrigðiseftirlitið og athugasemdir með tilheyrandi kostnaði á fyrirtækið/rekstaraðilann sem að setur leiktækið

upp hjá sér. Jafnframt þurfa rekstaraðilar fyrirtækja að kynna sér kröfur sem gerðar eru til leiktækja í dag áður en þau setja þau upp hjá sér.

Ákveðins misskilnings hefur gætt meðal aðila sem framkvæmir aðalskoðun leiksvæða að heilbrigðiseftirlitin framkvæmi einnig slíkar skoðanir. Embættið hefur reynt að leiðrétta þann misskilning og vill áréttta hér að eingöngu þeir sem hafa löggildingu til að taka leiksvæði til aðalskoðunar mega framkvæma aðalskoðun. Hins vegar er úttekt heilbrigðiseftirlitsins hluti af lögbundnum eftirlitsskyldum þess samkvæmt reglugerðum og það er hlutverk heilbrigðiseftirlits að krefjast úrbóta ef ástæða er til. Heilbrigðiseftirlitið getur tekið skýrslu aðalskoðunar og gert kröfur um á grundvelli þeirrar skýrslu ef hún berst embættinu og þannig verður til samvinna milli löggilts skoðunarfyrirtækis og heilbrigðiseftirlits, sem er markmið reglugerðarinnar – Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur ekki verið í því enda berast skýrslur aðalskoðunar embættinu yfirleitt seint og illa þrátt fyrir beiðnir um að fá afrit af þeim um leið og þær berast starfsleyfishafa. Von er á breytingu á reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim og er það von embættisins að með henni verði eftirlitsþættir hvers og eins gerðir skýrari en þeir eru í dag.

6. Matvæli

Matvælafyrirtæki eru skilgreind í lögum nr. 93/1995 um matvæli og er framleiðsla og dreifing matvæla háð leyfi heilbrigðisnefndar og eru dæmi um slík matvælafyrirtæki: vatnsveitur, garðyrkjustöðvar með pökkun, matvöruverslanir, veitingastaðir, fiskbúðir, kjötvinnslur í smásöluverslunum og ísgerðir svo eitthvað sé nefnt. Eftirlit hefur verið með svipuðu sniði á árinu 2015 og undangengin ár. Fjöldi matvælafyrirtækja í umdæmi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er 413.


Ný reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda

Þessi reglugerð tekur á merkingum matvæla og er nr. 1294/2014. Nýmæli þar eru helstar ákvæði um leturstærð á merkingum á umbúðum matvæla, betri merkingu ofnæmis- og ópolsvalda, merkja skal með skýrum hætti viðbætt vatn í fiski og kjöti fari það yfir 5% og ef viðbætt próteini af öðrum dýrauppruna er bætt í kjöt- og fiskafurðir ber að geta þess á umbúðum. Einnig eru þar reglur sem miða að því að minnka matarsóun og er heimilt með ákveðnum takmörkunum að selja vörur fram yfir best fyrir dagsetningu. Jafnframt eru breytingar á hugtakanotkun í geymslupolsmerkingum og gerður skýrari greinarmunur á merkingunni: „best fyrir“ annars vegar og „síðasti notkunardagur“ hins vegar. Þá eru breytingar á framsetningu næringargildismarknaða og verður skylt að næringargildismarknaði flest forpökkuð


matvæli frá 13. desember 2016. Almennar merkingareglur á matvæli má nálgast á slóðinni: <http://mast.is/matvaeli/merkingar/almennarmerkingar/>.

Trans fitusýrur í matvælum

Matvælastofnun var í forsvari fyrir könnum á magni trans-fitusýra í matvælum. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tók þátt í þessu verkefni á þann hátt að taka sýni og koma í greiningu hjá Matís. Sýnataka hefur farið fram og verða niðurstöður birtar á heimasíðu um leið og þær liggja fyrir.



cis fatty acid



trans fatty acid

MYND 15. TRANSFITUSÝRUR

Matvælahópur


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands á fulltrúa í matvælahópi sem er samstarfsvettvangur Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Markmið hópsins er að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og heilbrigðiseftirlitssvæða og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Lög nr. 93/1995 um matvæli kveða á um samræmingarhlutverk MAST með matvælaeftirliti á landsvísu. Sameiginlegur vinnuhópur á sviði matvælaeftirlits gegnir mikilvægu hlutverki við samræmingu slíks eftirlits. Helstu verkefni hópsins er að sjá um samráð vegna samræmingar og framkvæmdar eftirlits með matvælum, taka fyrir vandamál sem upp koma í eftirliti og leita leiða til að leysa þau, skipuleggja samræmd eftirlitsverkefni, taka þátt í skipulagi menntunar/þjálfunar þeirra sem starfa við opinbert matvælaeftirlit og ekki síst að vera vettvangur upplýsingamiðlunar um matvælaöryggis- og eftirlitsmál.

Ís úr vél

Tekin voru alls 15 íssýni, úr vél, á árinu. Af þessum sýnum voru 10 í lagi. Um frábrigði var því að ræða í 5 sýnum eða í 33 % tilvika eins og kemur fram á mynd 10 á bls. 13. Leita þarf leiða til úrbóta.


Neysluvatn

Á svæði Heilbrigðiseftirlit Suðurlands eru fjölmargar vatnsveitur og er heildarfjöldi starfsleyfa vegna neysluvatns 142. Kemur skiptingin fram á milli vatnsveitna í opinberri eigu og hinna sem eru einkaveitur. Stærstu vatnsveiturnar eru reknar af sveitarfélögunum.



MYND 16. FJÖLDI VATNSVEITNA MEÐ STARFSLEYFI MILLI ÁRA.

Alls voru tekin 144 sýni árið 2015. Af þeim voru 120 fullnægjandi, 10 voru ófullnægjandi og ástand 14 sýna var ekki metið.



MYND 17. NIÐURSTÖÐUR SÝNATAKA Á NEYSLUVATNI UNANFARIN ÁR

Í heild má segja að ástand þessara mála sé gott en hvatt er til þess að fækka einkavatnsbólum á Suðurlandi. Sameinast verði um að mynda vatnsveitur þar sem vatni frá bestu vatnsbólum viðkomandi svæðis sé dreift til sem flestra. Aðgangur að hreinu og heilnæmu vatni er forsenda fyrir búsetu. Hér á landi eru sérstakar aðstæður varðandi neysluvatn þar sem neysluvatn er almennt veitt ómeðhöndlað til neytenda. Mikilvægast er að frágangur vatnsbóla sé með þeim hætti að ekki komist yfirborðsvatn að til að menga neysluvatnið. Einnig er mikilvægt að skilgreina vatnsvernd umhverfis vatnsból til að koma í veg fyrir mengun neysluvatns.

Matvælafyrirtæki og innra eftirlit

Innra eftirlit matvælafyrirtækja skal vera byggt á grunnreglum HACCP. Umfang innra eftirlits skal vera í samræmi við stærð og eðli starfseminnar. Leiðbeiningar er að finna á vef Matvælastofnunar <http://mast.is/matvaelastofnun/innra-eftirlit/> en stærri og flóknari fyrirtækjum er bent á að leita til fagaðila um aðstoð við uppsetningu innra eftirlits. Samtök starfsgreina hafa verið hvött til að koma á fót handbókum um innra eftirlit til að auðvelda fyrirtækjum slíka innleiðingu líkt og gert hefur verið í nágrannalöndum okkar. Samkvæmt matvælalöggjöfinni skal eftirlit vera byggt á áhættumati í hverju fyrirtæki fyrir sig. Áhættumat grundvallast meðal annars á því hvort fyrirtæki hefur komið upp og innleitt formlegt innra eftirlit í fyrirtækinu. Vinna við að áhættumeta öll matvælafyrirtæki á eftirlitslista Heilbrigðiseftirlits Suðurlands hefur farið fram og er gert í tengslum við innleiðingu eftirlitshandbókar. Endurmat fer síðan fram í reglubundnu eftirliti.

Umræða um menntun stjórnenda matvælafyrirtækja hefur lengi verið í gangi. Mikilvægt er að fagþekking sé til staðar í hverju matvælafyrirtæki og stjórnendur séu meðvitaðir um sínar skyldur varðandi ábyrgð á bæði fræðslu starfsmanna og öðru sem snýr að innra eftirliti matvælafyrirtækis til að ná fram tilgangi matvælaganna að: „...*tryggja, svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Þessu skal ná með innra eftirliti, áhættugreiningu, rekjanleika afurða og vara, varúðaraðgerðum, fræðslu, upplýsingamiðlun, rannsóknum, neytendavernd og opinberu eftirliti*“.

7. Umhverfis- og mengunarvarnir

Umhverfis- og mengunarvarnaeftirlit tekur til vöktunar og eftirlits með þeim þáttum í sem eiga að fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs eða lagar, eftirlits með eiturefnum og hættulegum efnum auk fræðslu um þessi mál.

Verkefni heilbrigðisfulltrúa á umhverfis- og mengunarvarnasviði eru m.a. eftirlit og útgáfa starfsleyfa fyrir starfsleyfisskylda starfsemi eins og verkstæði, bensín- og olíuafgreiðslustöðvar, gámastöðvar, margvíslega framleiðslustaði, fiskvinnslu, sláturhús, hreinsistöðvar fráveitu, vatnsafls- og varmavirkjanir o.fl., starfsleyfi fyrir tímabundna mengandi starfsemi s.s. brennur og flugeldasýningar, ýmiskonar sýnataka, gerð umsagna um m.a. skipulagsmál og umhverfismat vegna framkvæmda og þátttaka í ýmsum samstarfsverkefnum er varða umhverfi og mengunarvarnir.

Helstu lög og reglugerðir sem varða umhverfis- og mengunarvarnareftirlit eru lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi o.m.fl.

Árið 2015 voru aðilar með gilt starfsleyfi á umhverfis- og mengunarvarnasviði 330 sem er u.þ.b. 2% fjölgun frá síðasta ári. Á tímabilinu 2010-2015 hefur aðilum með slík starfsleyfi fjölgað um tæp 16%. Eftirlit gekk vel á árinu og voru fáar stórar athugasemdir gerðar og ekki þurfti að beita þvingunarúrræðum. Eins og áður snéru athugasemdir aðallega að umgengni utandyra og mengunarvörnum eins og að olíuskiljur vanti á fráveitu verkstæða og annarra staða þar sem höndlað er með olíur.

Lóðir og lendur

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands var á árinu í góðu samstarfi við áhaldahús sveitarfélagana við að koma númerslausum bílum og öðrum lausamunum af götum og opnum svæðum og mun halda því áfram, enda þarft verk.

Brennur

Á árinu komu út lög nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum og á sama tíma féllu úr gildi lög nr. 61/1992 um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi. Heilbrigðiseftirlitið hefur fram til þessa gefið út starfsleyfi fyrir brennur þar sem ætla má að bruni standi yfir í meira en 2 tíma, sbr. tölulið 10.6 í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en skv. nýju lögunum þurfa allar brennur sem eru stærri en 1m³ skriflegt leyfi sýslumanns, samþykki slökkviliðsstjóra og starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

Skv. leiðbeiningum um vinnutilhögun og leyfisveitingar vegna bálkasta og brenna sem gefnar voru út af ríkislögreglustjóra, Hollustuvernd ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins þann 7. desember 2000, má ekki byrja að safna efni á brennustæði á öðrum tíma en tilgreindur er í brennuleyfi og fyrir áramótabrennur skal söfnun á brennustæði að jafnaði ekki hefjast fyrr en 27. desember. Fyrir hverja brennu skal tilnefna ábyrgðarmann sem á að sjá til þess m.a. að koma í veg fyrir að bálkösturinn sé notaður sem förgunarleið fyrir úrgang sem ekki má brenna, en einungis er leyfilegt að brenna efnum sem ekki valda hættulegri mengun. Æskilegasta brennuefnið er ómeðhöndlað timbur, pappi og pappír en óheimilt er að brenna gagnfúavarið timbur, plast- og gúmmíefni eins og plastkassa, fiskikör, netaafskurð og bíldekk og spilliefni.

Í lok árs þurfti heilbrigðiseftirlitið að spyrna við fæti vegna óleyfilegrar söfnunar brennuefnis á brennusvæði fyrir áramótabrennu í umdæminu, enda var ekki búið að sækja um tilskilin leyfi fyrir brennunni. Þann 7. október varð fyrst vart við að úrgangur væri afsettur á svæðinu og taldi Heilbrigðiseftirlitið að um stakt tilfelli væri að ræða og bað starfsmenn sveitarfélagsins að fjarlægja hauginn. Það var gert en jafnharðan birtist nýr haugur og fór hann óðum stækkandi. Á endanum var málum svo komið að embættið sá sér ekki fært að gefa leyfi fyrir brennunni, enda var í haugnum ýmislegt sem ekki má brenna eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Eftir fundahöld með starfsmönnum sveitarfélagsins var send út sameiginleg fréttatilkynning sveitarfélagsins og heilbrigðiseftirlitsins þar sem íbúum var bent á að um ólöglegt athæfi væri að ræða. Málinu lauk svo með því að starfsmenn sveitarfélagsins hreinsuðu í burtu það efni úr bálkestinum sem ekki mátti brenna og fengu íbúarnir því að kveðja gamla árið og fagna því nýja við áramótabrennu sína. Heilbrigðiseftirlitið vill með þessu leggja áherslu á að fara verður að reglum til að hægt sé að leyfa slíka starfsemi.



MYND 18. BRENNUSTÆÐIÐ 16. NÓVEMBER 2015

Fjarlægðarmörk vegna eldishúsa alifugla, loðdýra og svína

Á árinu tók gildi reglugerð nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína, þ.e. staðsetningu þeirra, skipulag og húsakost og ber heilbrigðisnefnd undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar að sjá um að ákvæðum hennar sé fylgt. Við gildistöku reglugerðarinnar féll úr gildi ákvæði 24. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti þar sem kveðið var á um að ekki megi hafa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum, matvælafyrirtækjum eða vinnustöðum annarra en búsin sjálfs en sem nemur 500 metrum. Í þessari nýju reglugerð kemur m.a. fram að staðsetning eldishúsa skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir og skipulagsreglugerð og að sveitarstjórn ákveði í skipulagsáætlun fjarlægðir á milli þeirra og mannabústaða, útivistarsvæða og annarra vinnustaða, með hliðsjón af hugsanlegum umhverfisáhrifum starfseminnar. Þó skal eldishús fyrir alifugla og loðdýrabú aldrei vera nær matvælafyrirtæki en 300m og 500m skulu vera á milli matvælafyrirtækis og svínabús. Öll eldishús skulu vera í a.m.k. 200 m fjarlægð frá vatnsbóli hafi vatnsverndarsvæði ekki verið ákvörðuð umhverfis það.

Loftgæði

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með fjórum loftgæðamælum í eigu Orku Náttúrunnar (ON) vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun.

Loftgæðamælarnir eru staðsettir í Norðlingaholti, í Hveragerði, á Hellisheiði og á Nesjavöllum. Verkfræðistofan Vista hefur umsjón með ofangreindum mælum, þ.e. daglegum rekstri og kvörðunum, og Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur umsjón með yfirferð og leiðréttingu gagna.

Frummælingar gagna þarfnast lagfæringa af ýmsum ástæðum. T.d. þarf að fjarlægja mælingar sem eru rangar eða vafasamar, t.a.m. þær mælingar sem skráðar eru á meðan kvörðun stendur. Þá þarf að fella mælingar að núlllínu (grunnlínu), en öll mælitæki hafa tilhneigingu til einhvers reks frá núlllínu yfir lengra tímabil. Þar sem verið er að mæla á míkroskala má segja að mælistöðvarar séu viðkvæmar og þarfnast mælarnir „umhyggju“ til að vera nákvæmir í mælingum.

Í gildi er samræmd verklagsregla, sem gefin er út af Umhverfisstofnun, OR, LV og HS-Orku um úrvinnslu gagna úr H₂S loftgæðamælum. Þar segir að til að ársmeðaltalsmæling teljist áreiðanleg skal viðkomandi mælitæki hafa mælt á viðkomandi mælistað a.m.k. 90% af almanaksárinu. Ef mælingar liggja niðri vegna óviðráðanlegra orsaka til lengri tíma skal einungis birta mánaðarmeðaltöl fyrir mælda mánuði.

Þann 22. september 2014 var mælitækjum ON breytt að beiðni Umhverfisstofnunar á þann hátt að í stað þess að mæla eingöngu H_2S mældu þau einnig SO_2 . Var tilgangur breytingarinnar sá að fá yfirlit yfir SO_2 mengun frá eldgosinu í Holuhrauni. Mældu mælarnir bæði SO_2 og H_2S þar til 19.-20. október sl., þegar þeir voru aftur stilltir á að mæla einungis H_2S , þó svo að gosinu í Holuhrauni hafi lokið 28. febrúar sl.

Skv. reglugerð nr. 514/2010 um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti m.s.br. skal:

„styrkur hlaupandi 24 klst. meðaltals ekki fara oftar en 3 sinnum á ári yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$,

ársmeðaltal ekki fara yfir $5 \mu\text{g}/\text{m}^3$,

tilkynna almenningi með formlegum hætti þegar styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti hefur að meðaltali verið yfir $150 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í þrjár klukkustundir samfellt.“

Klukkustundarmeðaltal er reiknað sem meðaltal allra 10 mínútna mælinga hverrar klukkustundar. Hlaupandi 24 klst. meðaltal er reiknað hverju sinni sem meðaltal núverandi klukkustundarmeðaltals og 23 klukkustundarmeðaltala næst á undan. Ársmeðaltal er reiknað sem meðaltal allra klukkustundameðaltala ársins.

Árið 2015 var uppitími mælitækja bæði í Norðlingaholti og Hveragerði 99,9%. Því eru frummælingar til útreiknings ársmeðaltals á báðum stöðum taldar áreiðanlegar, sbr. ofangreinda samræmda verklagsreglu um úrvinnslu gagna úr H_2S loftgæðamælum.

Styrkur hlaupandi 24 klst. meðaltals fór aldrei yfir $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$ á árinu 2015. Sjá nánar á mynd 19 hér að neðan.


Ársmeðaltal ársins 2015 í Norðlingaholti var $2,8 \mu\text{g}/\text{m}^3$ sem er töluvert lægra en árið 2014 þegar ársmeðaltalið var $4,0 \mu\text{g}/\text{m}^3$. Hveragerði reyndist ársmeðaltal ársins 2015 $3,6 \mu\text{g}/\text{m}^3$ sem er aðeins $0,1 \mu\text{g}/\text{m}^3$ minna en árið 2014.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti fór aldrei yfir tilkynningamörk ($150 \mu\text{g}/\text{m}^3$ í 3 klst. samfellt) á árinu. Sjá nánar á mynd 20 hér að neðan.


Niðurstaða loftgæðamælinga í byggð vegna útblásturs brennisteinsvetnis frá virkjunum ON á Hellisheiði og Nesjavöllum var því innan þeirra marka sem sett eru í ákvæðum umræddrar reglugerðar nr. 514/2010.

Þá ber að geta þess að árið 2015 var fyrsta heila árið sem gashreinsistöð virkjunarinnar á Hellisheiði var í fullum rekstri, en hún á að ná að hreinsa allt að 25% af því brennisteinsvetni úr útblæstrinum sem berst frá vinnslunni. Til stendur að bæta annarri dælu í gashreinsistöðina

á árinu 2016 og á þá gashreinsistöðin að geta hreinsað allt að 50% af H_2S úr útblæstri virkjunarinnar.




MYND 19. LOFTGÆÐI Í NORÐLINGAHOLTI OG HVARAGERÐI, HLAUPANDI 25 STUNDA MEÐALTAL



MYND 20. LOFTGÆÐI Í NORÐLINGAHOLTI OG HVARAGERÐI, KLUKKUSTUNDAMEÐALTAL


8. Fjármál og rekstur

Tekjur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands koma annars vegar frá starfsleyfisskyldri starfsemi og hins vegar sem lögbundin framlög frá sveitarfélögunum. Kostnað einstaka sveitarfélaga má sjá á mynd 21 hér að neðan. Skipting kostnaðar milli aðildarsveitarfélaga ræðst af íbúafjölda og miðast framlagið við 772 kr. á íbúa á árinu 2015. Í ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2015 kemur fram að reksturinn hefur verið með um 500 þús. kr. tapi, enda er ekki ætlast til að slíkar stofnanir safni í sjóði. Skýringu á tapi má rekja til afskrifaðra eldri eftirlitsgjalda upp á um 700 þús. kr. sem vonlaust hefur verið að innheimta þrátt fyrir innheimtuaðgerðir.



MYND 21. KOSTNAÐARSKIPTING SVEITARFÉLAGA

Stærstu kostnaðarliðir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru launa og launatengdur kostnaður upp á 77%. Liðurinn annar kostnaður er upp á 8% en þar undir eru liðir eins og ritföng, prentun og pappír stór liður, sími, efni og tæki sem notað er við sýnatökur. Húsnæðiskostnaður og rekstur bifreiða er 3% hver liður auk aðkeyptar þjónustu SASS vegna bókhalds og símsvörunar. Annað er 2% eða minna. Á mynd nr. 22 má sjá kökurit er sýnir skiptingu helstu kostnaðarliða.



MYND 22. HLUTFALL REKSTARKOSTNAÐAR HJÁ HEILBRIGÐISEFTIRLITI SUÐURLANDS

Lokaorð

Á heildina litið var árið 2015 gott, starfsemin í nokkuð föstum skorðum og verkefnin óþrjótandi. Rekstur embættisins var góður en við það má bæta að samningar voru lausir frá 1. september 2015 og því breytinga að vænta hvað laun varðar.

Samvinna milli eftirlits og fyrirtækja er mikils virði. Við teljum okkur sjá jafnan og góðan árangur af slíkri samvinnu í bættum hollustuháttum, mengunar og umhverfismálum. Bestu störfin vinnum við tíðindalaust með slíkri samvinnu. „Engar fréttir eru góðar fréttir“ á vel við um störf heilbrigðiseftirlitsins því yfirleitt þykja það ekki fréttir nema eitthvað verulegt beri út af. Við erum því sáttað þegar okkar störf rata ekki í fréttir.

Þökkum gott samstarf við fyrirtæki, sveitarfélög og almenning og hlökkum til að takast á við verkefnin sem bíða okkar.

Selfossi í maí 2016,

Sigrún Guðmundsdóttir